

Kjalnesingasaga útdráttur

Borghildur Sigurðardóttir



Nafn _____

Kjalnesinga saga – í stuttu máli

Við höldum að sagan gerist um 900-950

1.– 5. kafli

Helgi bjóla bjó á Hofi á Kjalarnesi. Hann var giftur Þórnýju, **dóttur Ingólfs Arnarsonar**, fyrsta landnámsmannsins. Helgi var **tengdasonur Ingólfs**. Synir Þórnýjar og Helga hétu **Þorgrímur og Arngrímur**.

Andríður, Kolli og Esja koma til Íslands. Kolli byggir bæ í Kollafirði. Esja flutti á bæ sem heitir að Esjubergi (af því að Esja átti þar heima). Andríður var hjá Helga á Hofi fyrsta veturinn. **Andríður, Þorgrímur og Arngrímur** urðu miklir vinir og sórust í **fóstbræðralag**. Helgi gefur Andríði land undir bú, **sem heitir Brautarholt**, og fann líka konu fyrir hann, Þuríður hét hún og var systir Þormóðs í Þormóðsdal. Þorgrímur, sonur Helga, giftist Arndísi á Skeggjastöðum og var því tvöfalt brúðkaup á Hofi.

Þegar Helgi bjóla deyr tekur Þorgrímur við búinu á Hofi og mannaforráðum (goðorði) en Arngrímur reisir sér bæ sem hann kallar Saurbæ. **Synir Arngríms eru þeir Helgi og Vakur en sonur Þorgríms heitir Þorsteinn**. Þorgrímur er blótmaður mikill og reisir sér stórt hof (=heiðin kirkja). Sonur hans, Þorsteinn, er sagður „uppivöðslumaður mikill“ (frekur og með ofbeldi).

Sonur Andríðs og Arndísar, **Búi, er aðalpersóna sögunnar**. Hann er sagður einrænn (nennir ekki að vera með öðru fólki).

Kolfinnur er kynntur til sögu. Hann býr hjá móður sinnar, Þorgerði á Elliðavatni, og er ekki eins og fólk er flest (öðruvísi en allir hinir). Hann er kolbítur, beit steiktan börk af tré og gætti katla móður sinnar (hann hefur mest hangið í eldhúsinu).

Búi er í fóstri hjá Esju. Hann vill aldrei blóta og er loks **dæmdur sekur skógarmaður á Kjalarnesþingi fyrir „rangan átrúnað“** þá var hann 12 ára (Hann trúir ekki á réttan guð). Hann er með öðrum orðum brottrækur úr mannlegu samfélagi og réttdræpur. Ákæruefnið bendir til þess að hann sé kristinn eins og raunar kemur skýrt fram í sögulok.

Búi fer allra sinna ferða eins og ekkert hafi í skorist (ekkert hafi gerst). Hann hefur hnýtt um sig slöngu (eins og teygjubysa) sem er eina vopn hans. Fram kemur að kærleikar eru með honum og móður hans. Þorsteinn og Þorgrímur pabbi hans ætla að taka Búa af lífi (drepa hann) og veita honum eitt sinn eftirförl

(elta hann). Esja kemur Búa til bjargar. Yfir þá lýstur svo miklu myrkri að þeir sáu ekki handa sinna skil. Síðar drepur Búi Þorstein og ber eld í hofið sem brennur til kaldra kola. Esja gefur honum bústað, herbergi með baði í helli nokkrum undir Laugargnípu í fjallinu ofan við Esjuberg, þ.e. Esju.

Þorgrímur verður svo reiður þegar hann nær ekki í Búa að **hann tekur fóstbróður sinn og föður Búa, Andrið, af lífi** (drepur hann). Þau tíðindi virðast lítið fá á Búa.

6. – 10. kafli

Í sjötta kafla hefst ný atburðarás. Ástarsaga slítur fyrri söguþráð. Búi býr enn í helli sínum en Þorgrímur lætur hann óáreittan (lætur hann í friði). Þótti honum nóg að gert með því að drepa föður hans.

Örn stýrimaður kemur til sögu og Ólöf hin væna, dóttir Kolla. Örn gerir hosur sínar grænar fyrir Ólöfu (reynir við hana) en Esja hafði ætlað Búa hana fyrir konu. Hvetur hún Búa til að láta sitt ekki eftir liggja. Sitja þeir nú báðir hjá Ólöfu, sinn til hvorrar handar henni, Búi og Örn.

Þorgerður á Elliðavatni hvetur Kolfinn son sinn til að keppa um Ólöfu og sækja leika (íþróttakeppni) í Kollafjörð. Eftir það sitja þeir þrír kringum Ólöfu. **Örn reynir að drepa Kolfinn. En Kolfinnur drepur Örn í sjálfsvörn.** Kolfinnur verður sár og leitar til Korpúlfs móðurbróður síns sem er „heldur forn í brögðum“. Korpúlfur græðir sár hans (læknar hann) og færir honum ný föt. Esja færir Búa þrjá gripi er hún fréttir víg Arnar, loðkápu, skyrtu, sem vopn bíta ekki á, og biturt sax (beittan hníf eða sveðju).

Kolfinnur hyggst nú láta til skarar skríða gegn Búa. **Hann skorar Búa á hólmi.** Esja undirbýr Búa undir hólmgönguna með því að gera honum laug og strjúka á honum hvert bein og klæða hann. Hólmgöngunni lýkur þegar Kolfinnur verður sár. Hann fer á ný á fund Korpúlfs frænda síns en Búi nemur Ólöfu hina vænu á brott (stelur henni) og fer með hana í helli sinn.

Þegar sár Kolfinns eru gróin ætlar hann enn að berjast við Búa sem dvelur í helli sínum með Ólöfu. Búi stenst ekki eggjunarorð Kolfinns (lætur hann mana sig) en þegar hann ætlar út fær hann augnverk mikinn svo að ekkert verður að útgöngu hans. Þar er Esja að verki (galdrar verk í augun á Búa).

11. kafli

Þessi kafli er eins konar framhald af 5. kafla. Búi fer utan (fer til útlanda) að ráði Esju sem er hrædd um hann þar sem allir mega drepa hann hvar sem er. Ólöf skal sitja í festum í þrjá vetur heima í Kollafirði. Þeir bræður í Saurbæ, Helgi og Vakur, elta Búa uppi en gengið er á milli þeirra. Þá eru bræðurnir sárir en Búi ósár enda í skyrtunni Esjunaut. Heldur hann norður í Hrútafjörð þar sem hann tekur sér far með skipi. Helgi og Vakur fara samsumars utan til Noregs.

12. – 16. kafli

Hefst nú önnur ástarsaga, öllu ævintýralegrri en sú fyrri enda átti hún drjúgan þátt í að Kjalnesinga sögu var löngum skipað í „bókmenntalegan skammarkrók“.

Búi dvelst í Orkneyjum veturlangt en heldur síðan til Noregs. Þar hafa Helgi og Vakur sagt konungi frá því er Búi brenndi inni goðin á Hofi. Konungur býður honum að leysa höfuð sitt (bjarga lífi sínu) með því að **sækja tafl til Dofra** fóstura konungs í **Dofrafjöllum**.

Í þeirri för **þiggur Búi ráð af Rauði**, bónda sem hann gistir hjá. Fríður Dofradóttur tekur á móti honum þegar hamarinn, höll Dofra konungs, lýkst upp. Hún vísar honum til herbergis sem minnir á helli Búa undir Laugargnípu en þar dvelja þau saman fyrstu nóttina. Fríður fer síðan með hann á fund Dofra sem tekur vel við Búa.

Fyrir orðastað Fríðar (hún hjálpar honum að tala við pabba hennar) fær hann að lokum taflið. Þegar þau skilja segir hún honum að hún gangi með barn hans. Ef það verður meybarn (stelpa) ætli hún að hafa það hjá sér en ef það verður sveinn (strákur) ætli hún að senda hann til Búa er hann verður tólf vetra. Ef Búi taki ekki við honum skuli hann fá makleg málagjöld.

Búi dvelur hjá Rauð þegar hann kemur úr Dofrabbyggðum. Rauður segir honum að Haraldur muni láta hann etja kappi við blámann nokkurn þegar hann komi aftur í konungsgarð. Færir Rauður honum fangastakk sem hann skal klæðast þegar hann glímir við blámanninn. **Svo fer sem Rauður sagði. Glímunnir lýkur með sigri Búa.**

Sumarið er Búi fór utan **eignaðist Ólöf hin væna dóttur sem hún kenndi Búa.** Fór hún í fóstur til Esju. Helgi og Vakur flytja þau tíðindi heim að Búi sé dauður. Þá nemur Kolfinnur Ólöfu nauðuga á brott úr föðurhúsum. Síðan kemur Búi heim. Þegar Kolfinnur fréttir það gerir hann Búa fyrirsát við tólfta mann. Búi er torsóttur enda í skyrtunni góðu sem Esja gaf honum. Lýkur svo skiptum þeirra

að Kolfinnur liggur eftir í valnum. Síðan sækir Búi Ólöfu en vill nú ekkert með hana hafa því að Kolfinnur hafi spilt henni.

17. kafli.

Í þessum kafla er á ný vikið að deilum Búa og Þorgríms. Komið er á sáttum milli þeirra. Búi fær Helgu dóttur hans **fyrir konu þó að hann hafi drepið bróður hennar Þorstein áður**. Helgi Arngrímsson giftist Ólöfu Kolladóttur. Er nú í annað sinn haldið tvöfalt brúðkaup að Hofi. Eftir það deyr Esja og einnig Þorgrímur en Búi tekur við goðorði hans. Þar með er allt fallið í ljúfa löð og allir söguþræðir komnir saman utan einn.

18. kafli.

Í lokakafla sögunnar segir frá skiptum **Jökuls, sonar Fríðar og Búa**, við föður sinn þegar hann kemur á fund hans eins og Fríður ætlaðist til. Búi afneitar faðerninu og býðst til að glíma við Jökul. Lýkur glímu þeirra svo að Búi verður undir. Hann fellur (deyr) með sama hætti og blámaðurinn í Noregi forðum og af orðum hans má ráða að Fríður eigi hlut að máli.

Jökull hverfur af landi brott en Búi er grafinn undir vegg kirkjunnar sem Örlygur hafði látið gera enda skírður maður.

Hvar gerist Kjalnesingasaga?

Merktu það á kortinu.



Hvað heitir þetta fjall?

Um Kjalnesingasögu

Það sem ég vil muna og skrifa hjá mér um söguna:
